

BÖLL

● Amma Lú: Bogomil Font, Ragnhildur Gísladóttir og Milljónamæringarnir verða öll saman að skemmta á föstudagskvöld. Á laugardagskvöldið verður Bogomil hins vegar einn síns liðs.

● Bóhem: Eitthvað stórt mun vera í bígerð á laugardagskvöldið. Skólaball á föstudagskvöld.

● Blúsbarinn: Ingólfsbandið, skipað fjölda hljóðfæraleikara, færir sig frá Ingólfskaffi yfir á Blúsbarinn föstudags- og laugardagskvöld.

● Cancun: Örkin hans Nóa á laugardagskvöld.

● Café Romance: Birgir Tryggvason og hinn ódauðlegi Richard Scobie skemmta á hverju kvöldi fram til 15. janúar.

● Feiti dvergurinn: Hljóm-sveitin Sjamör, sem ku vera helmingur Snigla-bandsins, ætlar að skemmta á föstudags- og laugardagskvöld.

● Fjörðurinn: Bara diskó alla helgina, enda pásá víðast hvar.

● Fógetinn: Jón Ingólfsson á föstudagskvöld. Guðmundur Rúnar trúbador á föstudags- og laugardagskvöld. Rúnar Þór — einn — á sunnudagskvöld.

● Gaukur á Stöng: Bogomil Font sjálfur ásamt Milljónamæringunum á fimmtudagskvöld. Sú Ellen á föstudags- og laugardagskvöld.

● Hótel Ísland: Bylgjuball með Pláhnetunni og Stefáni Hilmarssyni á föstudagskvöld. Pólfimikeppni hefst kl. níu á laugardagskvöld og diskótek á eftir.

● Hótel Saga: Þorvaldur Halldórsson og Gunnar Tryggvason skemmta á Mímisbar á föstudags- og laugardagskvöld. Dansleikur í Súlnasal á laugardagskvöld þar sem ætlunin er að njóta dreggja nýársfagnaðarins. Þar verður Pops ef að líkum lætur.

● Hressó: Hljómsveitin Black out með tónleika á þréttándandum. Ólifandi tónlist að öðru leyti alla helgina.

● Rauða ljónið: Hljómsveitin SÍN verður þar um helgina eftir því sem næst verður komið.

● Tveir vinir: Örkin hans Nóa á fimmtudags- og föstudagskvöld. Vinir Dóra á laugardagskvöld.

● Þjóðleikhúskjallarinn: Leikhúsbandið á föstudags- og laugardagskvöld. Listaklúbburinn á mánudag. Flutt verða frumort ljóð.

SVEITABÖLL

● Gjáin, Selfossi: Rask leikur bæði á föstudags- og laugardagskvöld.


● Sjallinn, Akureyri: Sjalla-kráin og Marmelaði á föstudagskvöld. Hljómsveitin Namm á laugardagskvöld.

HANN HEFUR HIMIN HÖND-UM TEKIÐ

Bandaríski myndlistarmaðurinn **Geoffrey Hendricks** verður í sviðsljósinu laugardaginn 8. janúar á **Kjarvalsstöðum** þegar farandsýningin „Day Into Night“ verður opnuð. Sýningin kemur héðan frá Óðinsvéum en heldur svo áfram til Finnlands, Póllands og Noregs.

Geoffrey Hendricks hefur einu sinni áður haldið sýningu hérlendis en það var í Nýlistasafninu 1984. Hann hefur alls haldið um þrjátíu einkasýningar á ferlinum og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, gerningum og umhverfislístaðverkum og gefið út rit, bækur og myndbönd. Hann er þekktastur fyrir þátttöku sína í FLUXUS-hreyfingunni í Bandaríkjunum og Evrópu frá miðjum sjötta áratugnum og hefur síðan verið virkur í þeim félagskap.

„Day Into Night“ er yfirlits-sýning á verkum Hendricks frá þeim tíma til dagsins í dag og nær yfir málverk, muni, innsetningar og gerninga. Það



er ekki auðvelt að setja verk hans á ákveðna bása, sérstaklega vegna þess að sjaldan er um skýra einingu að ræða milli listamannsins sem einstaklings og þegar hann framkvæmir gjörninga og innsetningar eða malar myndir. Hann hefur sjálfur sagt að

listamenn megi skilgreina jafnt eftir lífi þeirra og þeim listaverkum sem þeir skilja eftir sig.

Meginviðfangsefni Hendricks er himinninn, sem hefur heillað hann í hartnær þrjátíu áratugi. Hann hefur málað skjámyndir og himinverk á

ýmsa hluti svo sem skó og stóla en síðar á hefðbundnari fleti. Háleit og kannski himnesk sýning sem verðskuldar eftirmiðdagsrölt um sýningarsal Kjarvalsstaða.

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–18 og stendur til 13. febrúar.




MYND: Jim Smart

MAMBÓ-KÓNGAR: Tex Borgfjörð og Bogomil Font.

Heimsborgaradúett

Sigtryggur Baldursson, örðu nafni Bogomil Font, er á fullu þessa dagana að reyna að viðhalda fornri frægd á meðan jólafríið stendur yfir, en eins og flestir vita starfar hann sem húsmóðir í Bandaríkjunum um þessar mundir. Hann ætlar um helgina að taka lagið með gömlu félögnum úr Milljónamæringunum en þegar líða tekur á kvöldið má vænta þess að Tex Borgfjörð stígi á sviðið og syngi með Bogomil dúett í mambóstíl. Tex Borgfjörð er betur þekkt/ur sem Lundúnabúinn Ragnhildur Gísladóttir, sem er öll að færast í aukana um þessar mundir. Í gervi Tex Borgfjörð lítur Ragnhildur út sem karlmaður og er það gervi ekki með öllu ókunnugt, því í áramótaskaupinu birtist hún einmitt í hlutverki þessa mambókóns, sem hæglega gæti ógnað veldi Bogomils.



MYNDLIST

● **Ásgrímssafn:** Sýning stendur yfir á vatnslitamyndum eftir Ásgrím Jónsson. Opíð á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30–16.

● **Café List:** Lofgjörð tíu landskunnra listamanna til Brynju X. Vífildóttur í tilefni af útkomu jólatölu-blaðs tímaritsins Eintaks. Meðal listamanna eru Helgi Þorgils Friðjónsson, Guðbergur Bergsson, Þorvaldur Þorsteinsson og Páll Guðmundsson.

● **Gallerí Borg:** Sigurbjörn Jónsson sýnir nýjar olíumyndir.

● **Gallerí Listinn:** Samsýning tíu listamanna sem allir eru búsettir í Kópavogi. Sýningin, sem er í Hamraborg 20a, er opin daglega frá kl. 13–18 og lýkur 8. janúar.

● **Gallerí Sævars Karls:** Ljósmyndasýning Ívars Brynjólfssonar verður opnuð föstudaginn 7. janúar og stendur til 2. febrúar.

● **Gallerí Úmbra:** Fyrsta einkasýning Ingibjargar Jóhannsdóttur verður opnuð 6. janúar. Hún sýnir ellefu myndir unnar með blandaðri tækni á pappír.

● **Götugrillið:** Jón Garðar Henrysson sýnir málverk unnin með blandaðri tækni í Borgarkringlunni.

● **Hafnarborg:** Á kaffistofunni sýnir Guðmundur Rúnar Lúðvíksson þrettán myndir unnar með nýrri aðferð sem hann nefnir „ljósgrafík“. Sýningunni lýkur 9. janúar.

● **Kaffi Sautján:** Infernó 5 og Bandormsmennirnir Ómar Stefánsson og Örn Ingólfsson sýna málverk og leðurverk. Sýningin stendur fram yfir áramót.

● **Kjarvalsstaðir:** Þrjár nýjar sýningar verða opnaðar 8. janúar: Magnús Kjartansson sýnir ný málverk, Finnþógi Pétursson opnar sýningu á hljóðskúlptúrum og Geoffrey Hendricks FLUXUS-maður sýnir.

● **Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:** Sýningin Hugmynd-Höggmynd, úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar, stendur yfir.

● **Listhúsið:** Jóhann G. Jóhannsson sýnir vatnslitaverk á fyrstu einkasýningu sinni í sjö ár. Sýningin var framlengd til 9. janúar.

● **Mokka:** „Kaffi með Kristi“. Harla óvenjuleg sýning á krossum af ýmsu tagi fyrir þá sem hafa gleymt raunverulegu inntaki jóla. Heilagasta kaffihúsa-stemming ársins er hér. Sýningunni lýkur á þréttándandum.

● **Norræna húsið:** Þór Stiefel sýnir andlitsmyndir unnar með vatnslitum í anddyri hússins. Sýningin hefst 8. janúar og stendur yfir í þrjátíu vikur.

● **Veitingahúsið Tilveran:** Næsta mánuð sýnir Ása Björk á Linnestíg 1 í Hafnarfirði.

● **Önnur hæð:** Tíu vatnslitamyndir eftir Svavar Guðnason frá sjöunda áratugnum í sýningarsalnum á Laugavegi 37. Opíð á miðvikudögum frá 14–18.

● **Nýlistasafnið:** Sýning á verkum Magnúsar Pássonar verður opnuð laugardaginn 8. janúar kl. 16 með flutningi nokkurra leikara Þjóðleikhússins á hljóðaljóðum eftir Magnús. Sýningin, sem heitir „Varla...“, samanstendur af þremur rjóðrum, smáhlutum og raddskúlptúrum. Hún stendur til 23. janúar.

